



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Reglur um útgáfu aðgangsheimilda fyrir Keflavíkurflugvöll



Keflavíkurflugvelli, 3. janúar 2008

Inngangur

Keflavíkurflugvöllur er fjölmennur vinnustaður með margbreytilegri starfsemi sem kemur að afgreiðslu loftfara og farþega sem um flugsvæðið fara. Til að starfsemin á flugsvæðinu verði fyrir sem fæstum truflunum er nauðsynlegt fyrir flugvallaryfirvöld að setja hinar ýmsar reglur. Ein af þeim reglum eru reglur um aðgangsstjórnun sem ætlað er að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir sem beint er að fólki, flugstöðvum, byggingum, flugleiðsögutækjum, loftförum og hverskonar búnaði á flugþjónustusvæði flugvallarins.

Má segja að reglurnar séu nánari útfærsla á gildandi lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum. Eru reglurnar samdar með tilliti til Laga um loftferðir nr. 60/1998, Reglugerðar um flugvernd nr. 361/2005 og viðauka við hana, Flugverndaráætlun Íslands, Viðauka 17, 11 útgáfu, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra nr. 404/2007 og einnig með hliðsjón af handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugvernd og handbók Evrópusambands Flugmálastjórna, skjali nr. 30 um flugvernd.

Það er von okkar að reglurnar skýri þá ferla sem einstaklingar þurfa að ganga í gegnum þegar sækja þarf um aðgangsheimild eða leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar inn á flugsvæði Keflavíkurflugvallar og að reglurnar varpi skýrari ljósi á þær kröfur sem í gildi eru varðandi útgáfu slíkra heimilda.

Það er markmið Keflavíkurflugvallar að veita ávallt góða þjónustu við útgáfu aðgangsheimildanna svo og á öðrum sviðum sem komið er að. Ósk okkar er að samstarf við alla sem þurfa að nota okkar þjónustu verði sem best verður á kosið.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Viðaukar	4
1. Almenn	5
1.1. Almenn skilyrði	5
1.2. Þjálfun handhafa aðgangsheimildar	5
1.3. Bakgrunnsskoðun	5
1.4. Almenn leyfi	7
1.5. Almenn skammtímaleyfi	7
1.6. Bráðabirgðaleyfi	7
1.9. Heimild flugverja og flugfarþega	8
1.10. Heimild opinberra eftirlitsaðila og viðbragðsaðila	8
2. Útgáfa aðgangsheimilda	8
2.1. Almenn leyfi og almenn skammtímaleyfi	8
2.2. Bráðabirgðaaðgangsheimild	9
3. Leyfisbréf ökutækja og vinnuvéla	10
4. Bráðabirgðaleyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar	10
5. Útgáfa aðgangsheimilda og leyfisbréfa fyrir ökutæki og vinnuvélar	10
6. Glataðar aðgangsheimildir eða leyfisbréf	11
7. Reglur um rafrænan aðgang	11
8. Svipting aðgangsheimildar	11
9. Skipting svæða, litatákn og önnur auðkenni:	12
9.2. Skipting svæða og litatákn:	12
9.3. Merkingar í aðgangsheimild með bókstöfum:	12
10. Mismunandi tegundir aðgangsheimilda og leyfisskírteina	13
10.1. Bakgrunnslitir:	13
11. Útlit aðgangsheimilda:	14
12. Leyfisskírteini ökutækja og vinnuvéla skipting svæða og litatákn	14
13. Leyfisskírteini ökutækja og vinnuvéla, útlit	14

Viðaukar

- Viðauki 1:** Umsóknareyðublað, fyrirtæki og stofnanir
- Viðauki 2:** Umsóknareyðublað, einstaklingar
- Viðauki 3:** Tilkygning um glataða aðgangsheimild
- Viðauki 4:** Umsóknareyðublað fyrir skammtíma aðgangsheimild
- Viðauki 5:** Umsóknareyðublað fyrir leyfisskírteini ökutækja, vinnuvéla
- Viðauki 6:** Umsóknareyðublöð fyrir bráðabrigða- og skammtímaleyfi, ökutækja og vinnuvéla
- Viðauki 7:** Reglur um rafræna aðgangsstjórnun
- Viðauki 8:** Skipting svæða og litatákn
- Viðauki 9:** Sýnishorn af mismunandi tegundum aðgangsheimilda
- Viðauki 10:** Sýnishorn af mismunandi tegundum leyfisbréfa ökutækja og vinnuvéla.
- Viðauki 11:** Reglur um skráningu verkfæra

1. Almennt

1.1. Almenn skilyrði

1.1.1. Fimm tegundir aðgangsheimilda

- Almenn leyfi
- Bráðabirgðaheimild
- Skammtímaheimild
- Heimild flugverja og flugfarþega
- Heimild opinberra eftirlitsaðila og viðbragðsaðila

1.1.2. Allir sem starfa á haftasvæðum flugverndar á Keflavíkurflugvelli eða eiga þangað reglubundin erindi í 24 daga á ári eða meira skulu hafa útgefna almenna- eða bráðabirgðaaðgangsheimild.

1.1.3. Aðgangsskírteinið skal ávallt borið þannig að það sé sýnilegt þegar dvalið er á svæðunum.

1.1.4. Skírteinið er eign Keflavíkurflugvallar ohf. og skal því skilað þegar gildistími þess er útrunninn, það hefur verið afturkallað eða leyfishafi er hættur störfum eða hefur lagt niður þá starfsemi sem var ástæða útgáfu heimildarinnar.

1.1.5. Leyfishafa er einungis heimilt að fara um eða dvelja á þeim svæðum sem aðgangsheimildin nær til.

1.1.6. Leyfishafa er óheimilt er að nota aðgangskort sitt í öðrum erindagjörðum en vinnu sinnar vegna.

1.2. Þjálfun handhafa aðgangsheimildar

1.2.1. Áður en almenn- eða bráðabirgðaaðgangsheimild er gefin út skal viðkomandi hafa sótt námskeið í flugverndarvitund hjá flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar eða hjá aðila sem hlotið hefur viðurkenningu flugverndarsviðsins. Hann skal kynna sér reglur sem gilda um aðgang að svæðum flugvallarins áður en aðgangsheimild er gefin út, undirrita yfirlýsingu þar að lútandi og skuldbinda sig til að hlíta þeim reglum. Þjálfunina skal endurtaka á þriggja ára fresti.

1.3. Bakgrunnsskoðun

1.3.1. Áður en almenn- eða bráðabirgðaaðgangsheimild er gefin út framkvæmir Ríkislögreglustjóri bakgrunnsskoðun og athugar a.m.k. 5 ár aftur í tímann, sbr. kröfur í reglugerð nr. 361/2005 og EB 2320/2002, bakgrunn alls starfsfólks sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar til að unnt sé að leggja mat á hvort heimila eigi aðgang án fylgdar. Forsenda fyrir útgáfu aðgangsheimildar er

að umsækjandi samþykki heimild til handa Ríkislögreglustjóra að framkvæma bakgrunnskoðun. Að öðrum kosti verður umsóknin ekki tekin gild. Athuginun skal m.a. felast í skoðun á viðkomandi í skrá lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil. Ríkislögreglustjóri getur tekið ákvörðun um að hafna viðkomandi einstaklingi þar sem fram hafi komið upplýsingar um afbrot eða refsiverðan verknað. Endurtaka skal athuginuna með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á 3 ára fresti. Að auki skal flugverndarsvið Keflavíkurflugvallar í samvinnu við Ríkislögreglustjóra gera úrtaksathugin á þeim aðilum sem staðist hafa bakgrunnsathugin.

1.3.2. Með bakgrunnsathugin skal kanna og staðfesta:

- deili á viðkomandi,
- heimili eða dvalarstað sl. 5 ár,
- feril viðkomandi undanfarin 5 ár,
- þá hættu sem kann að stafa af viðkomandi innan haftasvæðis flugverndar, sbr. lið 1.3.5 og 1.3.9 hér að neðan.

1.3.3. Með umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar skal leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar og skriflega heimild viðkomandi fyrir öflun þeirra svo sem frá lögreglu. Heimilt er að óska frekari upplýsinga ef nauðsynlegt þykir.

1.3.4. Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum skal hann leggja fram þau gögn sem óskað er af lögreglu til þess að unnt sé að leggja mat á umsókn hans, svo sem sakavottorð eða sambærileg vottorð frá erlendum stjórnvöldum þar sem hann hefur verið búsettur eða dvalið. Séu ekki lögð fram gögn sem nægileg teljast til að hægt sé að meta viðkomandi skal hafna umsókn.

1.3.5. Við ákvörðun um hvort veita beri aðgangsheimild að haftasvæði Keflavíkurflugvallar skal sérstaklega athuga brotaferil einstaklings sem sótt er um heimild fyrir. Leggja skal til grundvallar upplýsingar úr sakaskrá og eftir atvikum úr öðrum skrá lögreglu um viðkomandi.

1.3.6. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar skal synja um aðgang að haftasvæði flugverndar, sbr. þó ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 361/2005 enda séu brotin stórfelld og/eða gefa vísbendingar um að öryggi ríkisins, flugstarfsemi og almannahagsmunum kunni að stafa hætta af.

1.3.7. Við mat á brotaferli umsækjanda skal leggja til grundvallar hvort öryggi flugsamgangna stafi hætta af einstaklingi. Sérstaklega skal meta hugsanlega hættu sem af viðkomandi kann að stafa gagnvart íslenska ríkinu og erlendum ríkjum, öryggi þeirra, flugstarfsemi og öðrum almannahagsmunum.

1.3.8. Ennfremur skal heimilt að taka tillit til eftirfarandi:

- a) ef komin er fram kæra á hendur einstaklingi fyrir refsivert brot sem ætla má að varði fangelsisrefsingu

- b) ef einstaklingur er eftirlýstur af lögreglu, gefin hafi verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

1.3.9. Hafi einstaklingur lokið afplánun og/eða innt sektargreiðslur af hendi vegna brota samkvæmt 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 361/2005, skal þá heimilt að taka tillit til þess í eftirfarandi tilvikum:

- a. þegar 5 ár eru liðin frá lokum afplánunar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða lokum reynslulausnar
- b. þegar 3 ár eru liðin frá greiðslu sektar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar, enda þyki sýnt að af viðkomandi stafi ekki lengur hætta fyrir íslenska ríkið eða erlend ríki, öryggi þeirra, flugstarfsemi eða almannahagsmuni.
- c. Sé umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar synjað á grundvelli bakgrunnsathugunar vegna flugverndar má kæra þá ákvörðun í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga

1.3.10. Við endurnýjun aðgangsheimildar og vegna endurútgáfu glataðrar aðgangsheimildar skal framkvæma bakgrunnsskoðun.

1.4. Almenn leyfi

1.4.1. Gildistími almennra aðgangsheimilda er 3 ár.

1.5. Almenn skammtímaleyfi

1.5.1. Starfsmenn sem hafa starf á haftasvæðunum í skemmri tíma en 3 ár fá útgefna aðgangsheimild þann tíma sem starfsemin fer fram.

1.6. Bráðabirgðaleyfi

1.6.1. Aðilar sem starfa skemur en 24 daga á ári á haftasvæðum flugverndar eða gestir sem þurfa að fara inn á svæðin fá útgefin bráðabirgðaleyfi. Bráðabirgðaleyfishafar eru á ábyrgð, í fylgd og í umsjá aðila með gilda aðgangsheimild.

1.6.2. Aðgangsheimildin er útgefin fyrir ákveðinn starfsmann og gildir eingöngu á meðan hann er við störf.

1.7. Aðgangsheimildir starfsmanna utan haftasvæða

1.7.1. Starfsmenn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar utan haftasvæða flugverndar skulu sækja um aðgangsheimild samanber húsreglur flugstöðvar þar um.

1.7.2. Rekstrarsvið Keflavíkurflugvallar skal samþykkja umsóknirnar og aðgangsheimildir umsækjanda.

1.8. Rafrænn aðgangur flugliða

- 1.8.1. Flugliðar sem þurfa að komast í fyrirflugsskoðun og eða fluggögn geta sótt um rafrænt lykilkort.

1.9. Heimild flugverja og flugfarþega

- 1.9.1. Flugverjar og flugfarþegar hafa heimild til að ferðast eðlilega leið til og frá loftfari enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðamaður loftfars eða umboðsmaður hans gefur út.

1.10. Heimild opinberra eftirlitsaðila og viðbragðsaðila

- 1.10.1. Opinberir eftirlitsaðilar við skyldustörf á haftasvæðum hafa heimild til að ferðast um svæðin enda beri þeir á sér skilríki útgefin af stofnun viðkomandi eftirlitsaðila (ríkislögreglustjóra, landhelgisgæslu, heilbrigðisyfirvöldum, yfirdýralækni, Flugmálastjórn Íslands o.fl.). Viðbragðsaðilar s.s. slökkvilið og björgunarlið hafa heimild til að fara um svæðin án sérstakrar heimildar samkvæmt neyðaráætlunum. Einkennisföt ein og sér eru ekki fullnægjandi aðgangsheimild.

2. Útgáfa aðgangsheimilda

2.1. Almenn leyfi og almenn skammtímaleyfi

- 2.1.1. Aðgangsheimildin er útgefin fyrir ákveðinn starfsmann og gildir eingöngu á meðan hann er við störf.

- 2.1.2. Áður en sótt er um aðgangsheimild þarf viðkomandi fyrirtæki eða stofnun að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst hjá flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar. Þar er tilgreint hvers konar starfsemi stunduð og hver eða hverjir hafi heimild til að sækja um aðgang fyrir starfsmenn. Eyðublaðinu skal skilað til flugverndarsviðs Keflavíkurflugvallar á útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE).

Sjá viðhengi nr. 1.

- 2.1.3. Umsókn um aðgangsheimild skal vera fyllt út á þar til gert eyðublað undirrituð af tilnefndum starfsmanni stofnunar eða fyrirtækis og umsækjanda. Ljósritaðar umsóknir svo og umsóknir sendar sem símbréf eru ekki teknar til greina. Umsóknir sem ekki eru rétt útfylltar og undirritaðar er ekki teknar til greina.

Sjá viðhengi nr. 2.

- 2.1.4. Lágmarksaldur til starfa á og við flughlöð er 18 ár samkvæmt úrskurði Vinnueftirlits ríkisins.

- 2.1.5. Umsóknum um aðgangsheimild skal skilað til flugverndarsviðs Keflavíkurflugvallar á útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í FLE. Þar er umsóknin yfirfarin og athugað hvort hún sé í samræmi við starfsemi stofnunarinnar eða

fyrirtækisins sem sækir um aðgangsheimildina. Þá er athugað hvort svæðin sem sótt er um aðgang að séu í samræmi við skyldur starfsmannsins.

- 2.1.6. Aðgangur að mannvirkjum flugleiðsögu skal samþykktur af yfirmönnum flugleiðsögusviðs Keflavíkurflugvallar.
- 2.1.7. Afgreiðslutími umsókna hjá flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar skal að jafnaði ekki vera lengur en þrír virkir dagar.
- 2.1.8. Ef starfsmaður er starfandi hjá tveimur eða fleiri stofnunum eða fyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli skulu báðir aðilar sækja um aðgangsskírteini fyrir starfsmanninn.
- 2.1.9. Ef starfsmaður lætur að störfum skal viðkomandi stofnun eða fyrirtæki tilkynna um starfslok og skila aðgangsskírteininu til flugverndarsviðs fyrsta virkan dag eftir starfslok á útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda.
- 2.1.10. Ef starfsmaður neitar að afhenda viðkomandi stofnun eða fyrirtæki aðgangsskírteinið eða aðgangsskírteinið er glatað skal stofnunin eða fyrirtækið senda skriflega tilkynningu þess efnis til flugverndarsviðs Keflavíkurflugvallar á þar til gerðu eyðublaði eða í tölvupósti á heimilisfangið passar@kefairport.is . **Sjá viðhengi nr. 3.**
- 2.1.11. Ef umsækjandi um aðgangsskírteini mætir ekki til myndatöku 90 dögum eftir móttöku umsóknar fellur hún úr gildi.

2.2. **Bráðabirgðaaðgangsheimild**

- 2.2.1. Aðilar sem koma sjaldnar en 24 daga á ári á Keflavíkurflugvöll eða eiga þangað erindi geta sótt um að fá útgefin almenn aðgangsskírteini.
- 2.2.2. Ganga skal úr skugga um að umsækjandinn eigi lögmett erindi inn á svæðið áður en bráðabirgðaleyfið er gefið út.
- 2.2.3. Flugverndarsvið Keflavíkurflugvallar gefur út bráðabirgðaleyfi.
- 2.2.4. Ef umsækjandi um aðgangsskírteini er erlendur ríkisborgari og hefur ekki átt lögfast heimili á Íslandi s.l. 5 ár skal ljósrit af vegabréfi þar sem fram kemur, ríkisfang og vegabréfsnúmer fylgja umsókninni.
- 2.2.5. Áður en bráðabirgðaleyfi er gefið út skal umsækjandinn framvísa gildum persónuskilríkjum sem gefin eru út af opinberum aðilum (ökuskírteini, vegabréf, nafnskírteini) og fylla út þar til gert eyðublað. **Sjá viðhengi nr. 4.**
- 2.2.6. Handhafar bráðabirgðaleyfis skulu vera á ábyrgð og í umsjón aðila með gilda aðgangsheimild þann tíma sem dvalið er inn á svæðinu. Bráðabirgðaleyfishafi skal ávallt vera í fylgd ábyrgðarmannsins þegar dvalið er inn á svæðinu.

- 2.2.7. Starfsmaður með gilda aðgangsheimild en er einhverra hluta vegna ekki með skírteinið meðferðis getur fengið bráðabirgðaleyfi útgefið og dvalið innan haftasvæðis flugverndar án fylgdar ábyrgðarmanns. Áður en bráðabirgðaleyfi er útgefið skal gang úr skugga um að viðkomandi sé með gilda aðgangsheimild.
- 2.2.8. Að notkun lokinni skal leyfinu skilað á útgáfustað.
- 2.2.9. Bráðabirgðaleyfi gilda að hámarki í 24 klst.

3. Leyfisbréf ökutækja og vinnuvéla

- 3.1. Áður en sótt er um leyfisbréf fyrir ökutæki eða vinnuvélar þarf viðkomandi fyrirtæki eða stofnun að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst hjá flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar. Þar er tilgreint hvers konar starfsemi er og hver eða hverjir hjá fyrirtækinu eða stofnuninni hafa heimild til að sækja um leyfisbréf. Eyðublaðinu skal skilað til flugverndarsviðs Keflavíkurflugvallar á útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í FLE. **Sjá viðhengi nr. 5.**
- 3.2. Leyfisbréf ökutækja og vinnuvéla eru ekki gefin út til lengri tíma en í 12 mánuði eða þann tíma sem starfsemi á sér stað innan haftasvæðis.
- 3.3. Leyfisbréfi skal komið fyrir í neðra horni framrúðu hægra megin í ökutækjum en samsíða skráningarskildi á vinnuvélum. Á bifhjólum skal koma leyfisbréfi fyrir hægra megin á hjólinu þar sem það er vel sýnilegt.
- 3.4. Ökutæki og vinnuvélar skulu uppfylla ákvæði öryggisreglna, útgáfu 1. frá 1. júní 2007 fyrir Keflavíkurflugvöll.

4. Bráðabirgðaleyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar

- 4.1. Öryggissvið Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli gefur út bráðabirgðaleyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar. Bráðabirgðaleyfisbréf til aksturs um flugbrautir og eða á flugvélaakbrautum eru einungis útgefin til handa umráðamönnum ökutækja sem uppfylla kröfur öryggisreglna Keflavíkurflugvallar til aksturs á flugbrautum og flugvélaakbrautum.
- 4.2. Rækilega skal gengið úr skugga um að umsækjandinn eigi lögmett erindi inn á svæðið áður en bráðabirgðaleyfisbréfið er gefið út.
- 4.3. Bráðabirgðaleyfisbréf gilda að hámarki í 24 klst. **Sjá viðhengi nr. 6.**

5. Útgáfa aðgangsheimilda og leyfisbréfa fyrir ökutæki og vinnuvélar

- 5.1. Útgáfa aðgangsheimilda og leyfisbréfa fer fram hjá flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar á útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í FLE.

- 5.2. Gjald vegna útgáfu aðgangsheimilda og leyfisbréfa er samkvæmt gjaldskrá Keflavíkurflugvallar. Gjaldskrá liggur frammi á aðalskrifstofu Keflavíkurflugvallar.

6. Glataðar aðgangsheimildir eða leyfisbréf

- 6.1. Glatist aðgangsheimild eða leyfisbréf skal það tilkynnt án tafar flugverndarsviði Keflavíkurflugvallar á netfangið passar@kefairport.is.
- 6.2. Til að fá endurútgefna aðgangsheimild eða leyfisbréf skal umsóknareyðublað fyllt út að nýju.

7. Reglur um rafrænan aðgang

- 7.1. Aðila sem veittur hefur verið aðgangur inn svæði þar sem aðgangi er stjórnað með rafrænum hætti skal ávallt gæta að því að óviðkomandi aðilar komist ekki inn um dyr þá sem farið er um.
- 7.2. Bíða skal við dyrnar og gæta þess að þær lokist tryggilega.
- 7.3. Handhafi almenns leyfis og almenns skammtímaleyfis fær úthlutað rafrænni aðgangsheimild í aðgangsskírteinið. Slík heimild er einungis til nota fyrir handhafa skírteinisins.
- 7.4. Þegar farið er um dyr sem stjórnað er með rafrænum hætti skal aðgangsskírteinið ávallt borið að rafrænum lesara þannig að tryggt sé að aðgangur um hurðina sé lesinn og skráður.
- 7.5. Þar sem rafrænn aðgangur krefst einnig lesturs persónueinkenna skal vera til staðar auk kortalesara, talnalás og/eða búnaður til lesturs persónueinkenna, svo sem fingrafaralesari, augnlesari eða sambærilegur viðurkenndur búnaður. Bæði þarf að bera kort að aðganglesara auk stimpla þarf inn persónulega talnakóða eða bera persónueinkenni að lesara. **Sjá viðhengi nr. 7.**

8. Svipting aðgangsheimildar

- 8.1. Ef handhafi aðgangsheimildar eða leyfisskírteina fyrir ökutæki eða vinnuvélar gerist brotlegur við lög og reglur og ef telja verður með hliðsjón að eðli brotsins eða annars framferðis hans, sbr. 27 grein reglugerðar nr. 361/2005 getur Keflavíkurflugvöllur ohf. svipt viðkomandi aðgangsheimildinni tímabundið eða að fullu.
- 8.2. Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og viðkomandi gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga.
- 8.3. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og Tollstjóri geta farið fram á sviptingu aðgangsheimildar til bráðabirgða eða alfarið.
- 8.4. Þegar endurútgáfu á aðgangsheimild er óskað fyrir aðila sem sviptur hefur verið aðgangsheimild skal viðkomandi að fara í gegnum umsóknarferli að nýju.

9. Skipting svæða, litatákn og önnur auðkenni:

- 9.1. Á aðgangshemildinni skulu vera feringar með litum og táknum sem skilgreina þau svæði sem heimildin nær til. Skipting svæða á flugsvæðum Keflavíkurflugvallar er samkvæmt meðfylgjandi svæðiskortum og teikningum:

9.2. Skipting svæða og litatákn:

G-1.

Litur: R130, G0, B130

Haftasvæði flugverndar innan FLE

G-2.

Litur: R153, G51, B0

Haftasvæði flugverndar utan FLE

G-3.

Litur: R255, G100, B0

Öll haftasvæði flugverndar á Keflavíkurflugvelli

G-4

Litur: R255, G255, B255

Aðgangshemildir starfsmanna utan haftasvæða flugverndar og flugliða

9.3. Merkingar í aðgangshemild með bókstöfum:

G-A

A: Veitir aðgang um landgöngubrú að loftfari.

G-B

B: Heimild til að stjórna færslu á landgöngubrúum.

G-D

D: Leyfi til aksturs á flugvélaakbrautum og flugbrautum. Handhafi skal hafa lokið tilskyldu námskeiði og staðist próf til að öðlast réttindi til aksturs.

G-F

F: Starfsmaður sem hefur skyldum að gegna vegna virkjunar Flugslysaáætlunar fyrir Keflavíkurflugvöll (FFK). Hefur forgang að sínum aðgangssvæðum vegna virkjunar FFK.

G-T

T: Aðgangur að farangursflokunarsal

G-R

R: Ræstiverktakar.

G-V

V: Aðgangur að tækni- og þjónusturýmum. Sértekir viðhaldsstarfsmenn.

Sjá viðhengi nr. 8.

10. Mismunandi tegundir aðgangsheimilda og leyfisskírteina

10.1. Bakgrunnslitir:

Litur: R255. G255. B255

- a) Hvítur. Almennir starfsmenn

Litur: R0, G0, B255

- b) Blár. Löggæsla, tollgæsla og sprengjudeild Landhelgisgæslunnar. *Aðgangur að öllum haftasvæðum flugverndar.*

Litur: R0. G255. B0

- c) Grænn. Flugverndarstarfsmenn og slökkvilið. *Aðgangur að öllum haftasvæðum flugverndar. Hægt er að takmarka aðgangssvæði og skulu þá vera litamerkingar efst á aðgangsheimild G-1 og G-2 sem takmarka aðgang í að tilgreindum svæðum.*

Litur: R255. G255. B0

- d) Gulur. Heimild til að bera með sér verkfæri og/eða bannaða hluti inn á haftasvæði flugverndar samkvæmt 1. grein viðauka við reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

Litur: R255. G0. B0

- e) Rauður. Æðstu stjórnendur flugverndar- og öryggismála á flugsvæðum Keflavíkurflugvallar. Veitir óhindraðan aðgang að öllum haftasvæðum flugverndar. Útgáfa þessarar aðgangsheimildar skal takmarkast við eftirfarandi:

1. Keflavíkurflugvöllur ohf.:
 - a. Forstjóri
 - b. Framkvæmdarstjóri flugverndarsviðs
 - c. Staðgengill forstjóra
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
 - a. Lögreglustjóri
 - b. Yfirlögregluþjónn
 - c. Yfirlögregluþjónn
3. Tollstjóri
 - a. Tollstjóri
 - b. Yfirtollvörður eftirlitsdeildar
 - c. Samkvæmt ákvörðun Tollstjóra

Skrifleg ósk frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Tollstjóra til framkvæmdastjóra flugverndarsviðs þarf að vera til staðar áður en ofangreindar aðgangsheimildir eru útgefnar til starfsmanna þeirra.

11. Útlit aðgangsheimilda:

11.1. Á framhlið skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Ljósmynd af leyfishafa
- 2) Svæði þau er leyfishafi hefur aðgang að
- 3) Nafn
- 4) Gildistími leyfis
- 5) Kennitala
- 6) Nafn vinnuveitanda
- 7) Samþykki Keflavíkurflugvallar ohf.

Sjá viðhengi nr. 9

11.2. Á bakhlið skírteinis skulu vera eftirfarandi upplýsingar:


Um meðferð skírteinis þessa fer samkvæmt Lögum um loftferðir nr. 68/1998, reglugerð um flugvernd nr. 361/2005 og reglum þessum. Misnotkun skírteinis getur varðað sviptingu, sektum eða fangelsi allt að 5 árum.



Tapist skírteini ber að tilkynna það tafarlaust til útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í síma 425-6028, flugöryggisvarða í síma 425 – 6200 eða á netfangið passar@kefairport.is.




Ef tapað skírteini finnst skal því skilað tafarlaust til flugöryggisvarða.

12. Leyfisskírteini ökutækja og vinnuvéla skipting svæða og litatákn

12.1. Á leyfisskírteini ökutækja og vinnuvéla skulu vera ferningar með litum og táknum sem tilgreina þau svæði sem leyfið nær til. Skipting svæða á flugsvæðum Keflavíkurflugvallar er nánar samkvæmt meðfylgjandi svæðiskortum og teikningum:

G-A.  Flugbrautir og flugvélaakbrautir

G-B.   Þjónustusvæði og flughlöð, vestur (W)

G-C.    Þjónustusvæði og flughlöð, austur (E)

Sjá viðhengi nr. 10a, 10b og 10c.

13. Leyfisskírteini ökutækja og vinnuvéla, útlit

13.1. Á framhlið leyfisskírteinis eru eftirfarandi upplýsingar:

1. Skráninganúmer ökutækis eða vinnuvélar
2. Svæði sem leyfishafi hefur aðgang að
3. Gildistími
4. Nafn fyrirtækis eða stofnunar
5. Samþykki Keflavíkurflugvallar ohf.

13.2. Á bakhlið skírteinis skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

Aðgangsheimild þessi veitir eingöngu skráðu ökutæki aðgang að flugverndarsvæði Keflavíkurflugvallar.

Aðgangsheimild skal geymt í þar til gerðum plastvasa sem komið skal fyrir neðst hægra megin í framrúðu ökutækis.

Um meðferð leyfisskírteinis þessa fer samkvæmt reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

Misnotkun skírteinis getur varðað sviptingu, sektum eða fangelsi allt að 5 árum.

Um akstur á svæðum þeim sem heimildin nær til vísast til öryggisreglna Keflavíkurflugvallar.

Tapist skírteini ber að tilkynna það tafarlaust til útgáfuskrifstofu aðgangsheimilda í síma 425-6028 á skrifstofutíma eða til flugöryggisvarða í síma 425 – 6200 eða á netfangið passar@kefairport.is. Ef tapað skírteini finnst skal því skilað tafarlaust til flugöryggisvarða.

Sjá viðhengi nr. 10